



Fréttabréf Foreldrafélags Núps VOR 2019



Fimleikasalur Fylkis

9. febrúar bauð foreldrafélagið leikskólabörnum Núps í fimleikasal Fylkis. Þar var hlaupið um og allskyns fimleikalistir gerðar í eina og hálf klukkustund. Lukkaðist mjög vel.

Fyrirlestur fyrir foreldra

Foreldrafélög Núps og Dals buðu foreldrum og leikskólastarfsfólki á fyrirlestur Önnu Steinsen frá KVAN þann 19. feb sl. Fyrirlesturinn var um stjálfsraust, jákvæð samskipti og jákvæða og neikvæða leiðtoga. Húsfyllir var á fyrirlestrinum eða um 50 manns og allir einstaklega ánægðir.



Myndataka

Föstudaginn 8. mars var myndataka í leikskólanum og tók Eiríkur Ingi ljósmyndir af börnunum þetta árið. Hann tók einstaklingsmyndir, systkinamyndir og hópmyndir. Afhending á myndunum hefur farið fram og við vonum að þið hafið verið ánægð með myndirnar. Fyrir forvitna er heimasíða Eiríks Inga: <https://www.eirikuringi.is>

Morgunkaffi

Foreldrafélagið bauð starfsfólki leikskólans í morgunkaffi frá Jóa Fel á síðasta skipulagsdegi, 19. mars. Heyrst hefur að vel hafi lukkast og starfsfólk notið þess og haft smá huggulegheit í skipulagi á skólstarfinu.

Dansnámskeið

Eins og vaninn er hefur foreldrafélagið staðið fyrir dansnámskeiði fyrir börnin. Dansnámskeið Dagnýjar hefst 3. maí og verður á föstudögum í 6 vikur.



Sveitaferð

Sunnudaginn 26. maí stendur foreldrafélag Núps fyrir árlegri sveitaferð leikskólans, en í þetta skiptið verður farið á Hraðastaði í Mosfellsbæ.

Mæting er á einkabílum og við eigum staðinn bókaðan frá kl. 13-15.

Foreldrafélagið býður uppá kleinur og kanilsnúða (fyrir þá sem ekki mega borða kleinur) og bóndinn býður upp á mjólk og kaffi fyrir foreldra.

Skráning í sveitaferðina verður auglýst þegar nær dregur.

Gjafir sem nýtast leikskólanum

Hefð hefur verið fyrir því að foreldrafélagið gefi leikskólanum gjafir sem munu nýtast leikskólanum í leik og starfi. Að ósk starfsmanna leikskólans mun foreldrafélagið styrkja kaup á efni tengt bangsanum Blæ fyrir yngstu börnin (1-3 ára), en Blæ er námsefni um vináttu frá Barnaheill.



Framundan í leikskólanum:

- 1. maí – Frídagur verkalýðsins – leikskólinn lokaður
- 9. maí – Opið hús í leikskólanum
- 16. og 17. maí – Skipulagsdagar – leikskólinn lokaður
- 23. maí – Útskriftarferð elstu barna
- 26. maí – Sveitaferð
- 28. maí – Útskrift elstu barna
- 30. maí – Uppstigningardagur - leikskólinn lokaður
- 10. júní – Annar í Hvítasunnu - leikskólinn lokaður
- 17. júní – Lýðveldisdagur Íslands – leikskólinn lokaður
- 20. júní – Sólstöðuhátíð / Furðufatadagur
- 10. júlí kl: 13:00 – Sumarlokun.

Leikskólinn opnar aftur eftir sumarfrí fimmtudaginn 8. ágúst kl. 13:00

Í stjórn foreldrafélags Núps skólaárið 2018-2019 sitja:

Auður Böðvarsdóttir – meðstjórnandi

Engilróa Ósk Einarsdóttir – ritari

Ester Ósk Gunnarsdóttir – meðstjórnandi

Halldóra Brynjólfsdóttir – formaður og skoðunarmaður reikninga

Kristín Fanney Þorgrímsdóttir – gjaldkeri

Fulltrúi kennara er Áslaug Pálsdóttir

Við hvetjum alla foreldra sem hafa góðar **hugmyndir** eða **ábendingar** að hafa samband við foreldrafélagið á foreldrafelagnups@gmail.com